

FUNDARGERÐ fyrsta fundar ferðamálaráðs 2010-2013.

29.01.10

Ferðamálaráð hélt fund í iðnaðarráðuneytinu kl. 8:30 þann 29. janúar 2010.

Fundinn sátu Svanhildur Konráðsdóttir (SK) formaður, Ragnheiður Hergeirsdóttir (RH), Sævar Skaptason (SS), Anna Sverrisdóttir (AS), Helgi Már Björgvinsson (HMB), Unnur Halldórsdóttir (UH), Ásbjörn Jónsson (ÁJ), Aldís Hafsteinsdóttir (AH) og Dofri Hermannsson (DH). Jón Ásbergsson boðaði forföll. Jafnframt sat Ólöf Ýrr Atladóttir (ÓÝA) fundinn sem áheyrnarfulltrúi.

1. Ráðherra ferðamála, Katrín Júlíusdóttir kom á fundinn ásamt Kristjáni Skarphéðinssyni, ráðuneytisstjóra. Ráðherra bauð nýtt ferðamálaráð velkomið til starfa og kvaðst vænta mikils af framlagi þess til framþróunar íslenskrar ferðaþjónustu og þeirra krefjandi verkefna sem blasa við. Meðal helstu áherslumála sem ráðherra fór yfir voru heilsutengd ferðaþjónusta og tækifærin sem felast í Heilsulandinu Íslandi og starfsemi nýstofnaðra samtaka.

Ráðherra telur að eitt mikilvægasta verkefnið á næstu árum sé að vinna heildstæða uppbyggingar- og landnýtingaráætlun fyrir ferðaþjónustu þar sem skýr forgangsröðun, áhersla á gæði, betri móttöku ferðamanna og dreifingu álags á íslenska náttúru séu í forgrunni. Í því sambandi þarf m.a. að ljúka vinnu og tillögugerð um leiðir til gjaldtöku á fjölsóttum ferðamannastöðum. Markaðssetning sé að sjálfsögðu mikilvæg en nú sé ekki síður brýnt að leggja áherslu á það hvernig við tökum á móti ferðamönnum – innlendum jafnt sem erlendum.

Mikil tækifæri væru framundan s.s. með tilkomu Höru – tónlistar- og ráðstefnuhússins í Reykjavík og stofnunar Íslandsstofu. Meðal annarra atriða sem ráðherra beindi til ráðsins var að leggja inn í undirbúning fyrir Ferðamálaþing sem halddið verður í maí og verður helgað umræðu um gæðamál í víðu samhengi.

Þrátt fyrir mikinn niðurskurð í ríkisrekstri hefði tekist að verja framlög til ferðamála þannig að í ár eru þau sama hlutfall og árið 2008. Hins vegar sé ljóst að erfiður samdráttur verði einnig á næsta ári og því áríðandi að forgangsráða skýrt og leita nýrra leiða til fjármögnumunar. Loks óskaði ráðherra ráðinu velfarnaðar í störfum sínum.

2. Formaður (SK) bauð ráðsmenn velkomna og fór yfir það verklag sem hefur verið á störfum ráðsins síðustu misseri. Einnig fór SK stuttlega yfir þau málefni sem ráðið hefur sérstaklega látið til sín taka og nefndi sérstaklega tillögur ráðsins og nefndar um aðkomu ríkisins að skipulagi og fjármögnum í ferðaþjónustu sem hafa haft mikil áhrif. Ráðsmönnum var bent á að skýrslan er aðgengileg á vef ráðuneytisins og verður jafnframt send í tölvupósti. SK óskaði eftir að ráðsmenn kynntu sig og færðu stuttlega yfir þau atriði sem viðkomandi teldi mikilvæg í starfi ráðsins.

SS nefndi sérstaklega tækifærin sem fælust í innleiðingu á samræmdu gæðakerfi fyrir alla ferðaþjónustuaðila á Íslandi og að móta verði tillögur um gjaldtöku á ferðamannastöðum - enda sé það mjög stórt mál – ekki síst nú þegar opinbert fé sé af skornum skammti. SS vakti einnig athygli á tækifærum í auknu samstarfi á vettvangi NATA – Ísland, Grænland og Færeysjor – þar sem Ísland hefði miklu að miðla. SS óskaði jafnframt eftir meiri festu í ritun fundargerða og að dagskrá og gögn yrðu send tímanlega til ráðsmanna til að auðvelda góðan undirbúning.

KI. 9:50 vék HMB af fundi.

AS vildi að ráðið beitti sér sérstaklega í vinnu við gerð landnýtingaráætlunar þar sem lagt væri upp úr gæðamálum, umhverfismálum og vörupróun og tók því undir áherslur ráðherra. AS óskað eftir því að á næsta fundi yrði farið yfir fjölda og dreifingu ferðamanna 2009 og mat frá Ferðamálastofu á því hvernig markaðssetning á síðasta ári hefur skilað sér.

RH taldi hvað mikilvægustu verkefnin að finna leiðir til að byggja upp kröftuga ferðaþjónustu við erfiðar aðstæður og tók undir þau áherslumál sem ráðherra nefndi í inngangsorðum sínum; leiðir til að tryggja betri dreifingu ferðamanna og skoða færar leiðir í gjaldtöku.

UH kynnti stuttlega starf Ferðamálasamtaka Íslands og helstu áherslumál. UH tók undir áherslur annarra fundarmanna um gæðamál, dreifingu, gjaldtöku og lagði til að ferðamálaráð skipulegði starfsdag til að móta betur starf ráðsins á komandi mánuðum.

ÁJ vildi ítreka mikilvægi svæðisbundins samstarfs og að áfram yrði haldið við að styrkja markaðsstofur og svæðasamstarf. Hugmyndir um heildstætt gæðavottunarkerfi væru spennandi og áfram yrði að standa vel að markaðssetningu.

AH gerði grein fyrir aðkomu sinni að ráðinu sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og rætt var um mikilvægi þess að nýta þá tengingu vel í starfi ráðsins. Vörupróun og sókn á öllum sviðum ferðaþjónustu væru verkefnin framundan.

DH telur umhverfismálín hvað mikilvægust og tekur undir áherslu á gerð landnýtingaráætlunar – sérstaklega fyrir hálendið. Finna verði leiðir til að ná jafnvægi á milli varðveislu og nýtingar og gjaldtaka geti þar hjálpað til. Einnig taldi DH að mun fleiri upplifunartækifæri væru í íslenskri ferðaþjónustu og að nýta mætti veturinn, myrkur og kulda mun betur er gert er.

ÓÝA brást við ummælum og ábendingum ráðsmanna og hvatti m.a. til þess að ráðið sýndi frumkvæði og kæmi með tillögur inn í vinnu Ferðamálastofu s.s. í markaðsmálum og vörupróun. Ákveðið var að á næsta fundi fengi ráðið kynningu á helstu verkefnum Ferðmálastofu 2010 með áherslu á markaðsmálin auk þess sem fjallað yrði um fjölda og dreifingu ferðamanna og mat á áhrifum markaðaðgerða sbr. ósk AS.

SK þakkaði fyrir afar jákvæða byrjun á starfi nýs ráðs og þann mikla hug sem birtist í máli ráðsmanna.

3. Fastir fundartímar ferðamálaráðs verða 2. föstudag í mánuði kl. 8.30 – 10.00. Fundir ráðsins verða að öllu jöfnu haldnir í fundarsal iðnaðarráðuneytisins.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 9.30.